

259. fundargerð stjórnar Landssambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna 17. nóvember 2017, kl. 09.08, Brautarholti 30, 105 Reykjavík.

Mættir: Stefán Pétursson, Njáll Pálsson, Lárus Steindór Björnsson, Ásgeir Þórisson, Guðrún Hilmarsdóttir, skrifstofustjóri og Hermann Sigurðsson, framkvæmdastjóri. Magnús Smári Smáráson var á skype undir lið 3-10.

Fjarverandi: Jón Pétursson og Pétur Arnarsson.

Gestur: undir lið 2. Er Sigríður Björk Þormar.

### Dagskrá

- 1) Fundur settur. LSB setur fund og býður alla velkomna.
- 2) Heimsókn frá sálfræðingum á Lynghálsi. Sigríður Björk Þormar kom frá þeim og kynnti starfsseminna þeirra sérhæfingu í áföllum. Stjórn samþykkir samkomulag við stofuna og telur þetta mikilvægan til til að efla andlega heilsu sinna félagsmanna. Samningurinn inniheldur m.a. 1) stuðning og meðferð, 2) fræðslu og þróun og 3) útköll og þjónustu. Nánari útfærsla á þessu verkefni fer í gegnum sjúkrasjóðinn og verður kynnt fyrir félagsmönnum á næstunni. LSS mun leggja áherslu að að kynna verkefnið fyrir slökkviliðstjórum um land allt.
- 3) Fundargerð síðasta fundar. Samþykkt.
- 4) Inntaka nýrra félaga/ úrsögn eldri félaga. Einn hlutastarfandi frá Akranesi. Fjórir aðilar hafa sagt sig úr félaginu en óskuðu jafnframt eftir aukaaðild. Skv. lögum félagsins er því hafnað. Formanni og framkvæmdastjóra er falið tala við BSRB um hvort aðilar geti greitt í tryggingasjóð LSS án þess að vera félagsmeðlimir. Stjórn telur að það sé ekki hægt í dag.
- 5) Starfið milli funda.
  - a) Aðalfundur ROM. Formaður fór á aðalfund og gekk hann vel. Fullnægjandi útskýringar komu á háu þátttökugjaldi. Mikil endurnýjun á þjónustumiðstöðinni og nærumhverfinu.
  - b) Þinglýsing á orlofshúsum í Munaðarnesi. Samþykkt var að þinglýsa húsum BSRB í Munaðarnesi á okkur fyrir áramót. Formanni var falið að vinna málið áfram.
  - c) Tjón í Munaðarnesi. Vatnsleki var í einu húsinu og er það líklega tryggingamál. Búið að koma í veg fyrir frekari skemmdir og bústaðurinn í góðu ásigkomulagi.
  - d) Kjaramál. Gert var grein fyrir fjórum málum sem eru í vinnslu og einu lokið.
  - e) EFFUA ráðstefna í Svíþjóð. Ákveðið var að taka ekki þátt að þessu sinni í samráði við fagdeildir félagsins.
  - f) Fundur með fulltrúa sálfræðingum á Lynghálsi. Formaður fundaði með Sigríði frá sálfræðistofunni. Þau voru að kynna rannsóknarsetur áfalla við háskólann í Reykjavík. Þau verða með ráðstefnu 28. nóvember og þar mun Haukur Grönli, varaslökkviliðstjóri BÁ, vera með erindi og tala um sín áföll í lífinu og hans reynslu á því að nýta sér áfallahjálp. Sigríður mun senda HS kynningarefni og við munum koma því á framfæri við okkar félagsmenn.

- g) Eldvarnarátakið. Það hefst 23. nóvember á Selfossi. Formaður setur átakið og verður með stutta ræðu. Þann 29. nóvember verður rýming í Háskóla Íslands þar sem rektori verður bjargað af þaki skólans.
  - h) Jólágjafir til stjórnarmanna og starfsmanna. Ákveðið var að halda sama fyrirkomulagi og í fyrra. HS falið að vinna málið áfram.
- 6) Staða sjóða LSS. Staða sjóða er í jafnvægi. Óskað var eftir skýringum á útstreymi Styrktarsjóðsins á næsta fundi. HS/MSS er falið að taka saman tölur og vera með yfirsýn með áætlaða innkoma á 12 mánaða tímabili.
- 7) Tryggingasjóður. Engin mál.
- 8) Orlofsmál. Fundargerð orlofsnefndar lögð fram. Samþykkt var að auka þjónustu við allar orlofsíbúðirnar og bjóða upp á endurgjaldslaust internet. HS falið að koma því í farveg. Orlofsnefnd óskaði var eftir fjárheimild til að fara í endurbætur á íbúðunum og sinna nauðsynlegu viðhaldi. Áætlaður kostnaður er í 2,5M í endurnýjun á búnaði og stóru viðhaldi sem liggur fyrir. Stjórn samþykkir þessa fjárúthlutun og skal því ráðstafað í samráði við framkvæmdastjóra. Stjórn óskar jafnframt eftir tilboði í þakið á Akureyri, rafmagn og vatnsveitu.
- 9) Fagdeildirnar.
- a) Vinnuferlar fyrir sjúkraflutningamenn og rafræn sjúkraskrá. Yfirlæknir í utanspítalþjónustu lýsti því yfir það þetta sé í virki ferli ásamt rafrænni sjúkraskrá séu í virku ferli.
  - b) Úreltir sjúkrabílar. Bílaflotinn er úrsérgenginn og lýsir stjórn LSS miklum áhyggjum af stöðu mála. Tvö ár síðan eru að samningar á milli Rauða krossins og ríkisins runnu út og hefur ekkert gerst neitt í þeim málum.
  - c) Úreltir slökkviliðsbílar. Bílaflotinn eru meiri endurnýjun en sjúkrabílar og eru þeir á forræði sveitarfélagana.
  - d) Stefnt er að því að halda deildarfund með trúnaðarmönnum Suðurnesja málefni félagsins og kosti þess að vera meðlimir félagsins.
  - e) Uppgjör ráðstefnunnar í október. Ráðstefnan virðist stefna í að vera réttu megin við núllið og er skipuleggjendum og öðrum sjálfsboðaliðum þakkað fyrir sitt framlag. Umræða var um að skerpa á verklega í undirbúningi og framkvæmd á slíkum viðburði og var ábendingum vel tekið.
- 10) Kjaramál ( Kynning á samkomulagi v hlutastarfandi ofl.)
- i) Gunnar xx son, slökkviliðs- og sjúkraflutninga maður í Grindavík fékk greinargerð frá fjársýslu ríkisins vegna starfa sinna sem hlutastarfsmaður og þar kemur fram að fyrir hvert útkall fyrir hlutastarfsmenn að þeir fá greitt fjóra tíma fyrir hvert útkall, þrátt fyrir að næsta útkall kemur innan fjögurra tíma. Þetta útlistað nánar í greinargerðinni. HS er falið að kanna hvort þetta sé fordæmisgefandi á landsvísu og koma boðskapnum til trúnaðarmanna LSS. Allt útgefið efni í kringum þetta mál skal unnið í samráði við Gunnar.
- 11) Önnur mál
- a) Prókúra framkvæmdastjóra. Samþykkt að veita Hermann Sigurðssyni prókúru sem framkvæmdastjóra.
  - b) Heimasíða LSS

- i) LSS. Beiðni um að setja inn linka inn á lög og reglugerðir og annað tengd slökkviliðs- og sjúkraflutningastörfum. HS er falið að vinna málið áfram.
- ii) Kjarasamningar á heimasíðu LSS. Setja nýjustu samningana efst og gera síðuna þannig notendanvænni. HS er falið að vinna málið áfram.
- iii) Lénið LSS.is. HS falið að kanna hvort lénið sé á lausu.
- c) Fundur með hópi vegna styttingu lífeyrisaldurstöku á mánudaginn 20. nóvember kl. 14. Formaður og framkvæmdastjóri mæta.
- d) Innsent erindi. Kjaramál einstaklins. SP og LSB véku af fundi.
- e) Fundargerð Eldvarnarbandalagsins. Samþykkt. HS falið að koma með ábendingar varðandi nýjar hugmyndir í markaðssetningu í samfélagsmiðlum.
- f) Einkennisfatnaður LSS. Töluverð eftirspurn er eftir merktum fatnaði frá LSS. HS er falið að kanna og láta framleiða boli merkta félaginu. SP/MSS verða HS innan handar.

Fundi slitið kl. 12.49

Fundargerð ritaði HS

Næsti fundur verður í byrjun desember seinniparts dags og eftir fund er farið á jólahlaðborð.